

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Þúfugarða, L221679.*

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir lóðina Þúfugarða, L221679, úr landi Sviðugarða. Breytingin felst í því að skilmálum um byggingar er breytt. Í stað þess að tilgreindar séu hámarksstærðir húsa er sett ákvæði um hámarksnýtingarhlutfall lóðar. Heimilt er að byggja íbúðarhús, gestahús og geymslu. Nýtingarhlutfall lóðar verði mest 0,02. Einnig er leyfileg hámarkshæð aukin úr 5 m í 6,5 m miðað við hæð jarðvegs umhverfis húsin. Samþykkt í sveitarstjórn 9. febrúar 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. mars 2021.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2021